

Ábyrgðaraðild: "Jón Arason (1484-1550)"

1 **Breviarium Holense**

[Breviaria ad usum ritumqve Sacrosancte Holensis Ecclesie, jam prius impressa, impensis ac mandatis insignibus, reverendi in Christo patris et Domini, Domini Joannis Arneri ejusdem Ecclesie Episcopi felix faustumqve adepta sunt exordium.]

Að bókarlokum: [„Opus istud impensis ac industria plurimum reverendi in Christo patris Dni Joannis Arneri Sacrosancte Holensis Ecclesie episcopi faustum felicemqve sortitum est exitum finemqve optatum. In residentia sua impressum atqve adauctum Calendas Maji Anno salutis MD. XXX. IIII.“]

Útgáfustaður og -ár: Hólar, e.t.v. 1534

Útgefandi: Jón Arason (1484-1550)

Varðveislusaga: Ekkert eintak er nú þekkt af þessum elsta íslenska prentgrip sem heimildir geta um. Tvö blöð, sem varðveitt eru í Háskólabókasafni í Uppsölum, eru talin geta verið úr bókinni. Eintak var í eigu Árna Magnússonar og brann 1728. Jón Ólafsson frá Grunnavík ritaði eftir minni titiltexa bókarinnar sem hér er tilfærður.

Efnisorð: Guðfræði

Bókfræði: Halldór Hermannsson (1878-1958): Icelandic books of the sixteenth century, *Islandica* 9 (1916), 1-2. • Wadskiær, Christian Frederik (1713-1779): Observationer om bogtrykker-konsten i Dannemark, Nye tidender om lærde og curieuse sager, *Kaupmannahöfn* 1740, 244-255. • Aarsberetninger og meddelelser fra det Store Kongelige Bibliothek 2 (1875), 123-125. • Biskupa sögur 2, *Kaupmannahöfn* 1878, 440-442. • Collijn, Isak Gustaf Alfred (1875-1949): Två blad af det förlorade Breviarium Nidrosiense, *Hólar* 1534, *Nordisk tidskrift för bok- och biblioteksväsen* 1 (1914), 11-16. • Páll Eggert Ólason (1883-1949): Biskop Jón Arasons bogrykkeri, *Nordisk tidskrift för bok- och biblioteksväsen* 7 (1920), 131-145. • Hallbjörn Halldórsson (1888-1959): Letraval í prentsmiðjum á fyrstu öld prentlistarinnar á Íslandi, *Árbók Landsbókasafns* 3-4 (1946-1947), 79-103. • Guðbrandur Jónsson (1888-1953): Síra Jón Matthíasson sænski. Prentsmiðja hans á Breiðabólstað og Breviarium Holense, *Árbók Landsbókasafns* 7-8 (1950-1951), 177-187. • Steingrímur Jónsson (1951): Prentaðar bækur, *Íslensk þjóðmenning* 6, Reykjavík 1989, 91-115, einkum 92-93. • Steingrímur Jónsson (1951): „Núpuvellsbók“. Gömul, prentuð lögbók án útgáfustaðar og árs, *Ritmennt* 2 (1997), 35-54.

2 **Fjórir guðspjallamenn**

Biblía. Nýja testamentið. Fjórir guðspjallamenn
[Fjórir guðspjallamenn.]

Útgáfustaður og -ár: Hólar, um 1550

Útgefandi: Jón Arason (1484-1550)

Athugasemd: Eina heimild um þessa bók er ævisaga Brynjólfs biskups Sveinssonar eftir sr. Torfa Jónsson í Gaulverjabæ: „Á þriðjudaginn, sem var Laurentiimessa eður 10. Augusti var hann kistulagður með hans N. T. Græco, Davíðs psaltara og Fjórum guðspjallamönnum, er biskup Jón gamli að Hólum lét útleggja og þrykkja, sem hans formáli útvisar, ef þar af finnst nokkurt exemplar.“

Efnisorð: Guðfræði ; Biblían

Bókfræði: Jón Halldórsson (1665-1736): Biskupasögur 2, Reykjavík 1911-1915, 377. • Halldór Hermannsson (1878-1958): Bibliographical notes, *Islandica* 29

(1942), 63-65. • Harboe, Ludvig (1709-1783): Kurtze Nachricht von der Isländischen Bibel-Historie, Dänische Bibliothec 8 (1746), 1-156, einkum 19. • Páll Eggert Ólason (1883-1949): Menn og menntir siðskiptaaldarinnar á Íslandi 1, Reykjavík 1919, 408-414. • Halldór Hermannsson (1878-1958): Prentsmiðja Jóns Matthíassonar, Almanak Ólafs S. Thorgeirssonar 36 (1930), 21-37. • Steingrímur Jónsson (1951): Prentaðar bækur, Íslensk þjóðmenning 6, Reykjavík 1989, 91-115, einkum 92-93. • Björn S. Stefánsson (1937): Íslenzkt guðspjallarit Jóns biskups Arasonar, Saga 28 (1990), 176-178. • Einar Gunnar Pétursson (1941): Bókaútgáfa á biskupsstólunum, Saga biskupsstólanna, Akureyri 2006, 569-605, einkum 573-574.